

Atvinnuvegaráðuneytið
b.t. skrifstofu landgæða og dýraheilsu
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 7. nóvember 2025

Efni: Umsögn um áform um breytingu á reglugerð um innflutning hunda og katta, nr. 200/2020

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar áform um breytingu á reglugerð um innflutning hunda og katta, nr. 200/2020 (hér eftir „reglugerðin“) sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 23. október sl. Breytingarnar fela í sér að fella út bann við innflutningi gæludýra í farþegarými þannig að heimilt verði að flytja dýr í farangursrými flugvéla. FA gerir eftirfarandi athugasemdir.

FA fagnar breytingunum sem ráðuneytið hyggst gera á reglugerðinni, þ.e. þeirri ákvörðun að fella niður bann við innflutningi gæludýra í farþegarými flugvéla. Með breytingunni verður heimilt að flytja dýr í farangursrými flugvéla, en slíkt flutningsform takmarkað með breytingum sem gerðar voru á reglugerðinni árið 2024. Ekki er að fullu ljóst hvaða rök lágu til grundvallar því banni, en reynsla hefur sýnt að það hafði verulega takmarkandi áhrif fyrir þá sem þurftu að flytja gæludýr sín til landsins.

Fyrirhuguð breyting stuðlar að auknum sveigjanleika fyrir gæludýraeigendur og tryggir jafnframt áframhaldandi fjölbreytni og heilbrigði hund- og kattategunda á Íslandi. Með þessu móti er bæði tekið tillit til hagsmuna einstaklinga og eiganda gæludýra og verndun genamengis hunda- og kattategunda tryggð til framtíðar.

Þá leggur FA einnig áherslu á að mikilvægt sé að öllum skilyrðum reglugerðarinnar verði áfram fylgt af festu. Má nefna hér sem dæmi að farið sé nákvæmlega eftir fyrirmælum um heimaeinangrun og öðrum tilgreindum varúðarráðstöfunum sem ætlað er að vernda bæði dýraheilsu og lýðheilsu í landinu.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur